# Námsáætlun  6. bekkur hringekja 2016-2017

**Námsgrein: Myndmennt -Hringekja** **Bekkur: 6.HB og HGJ**

| Áfangalýsing |
|---|
| **Lýsing frá kennara:**<br>Kennd verða grundvallarlögmál í myndlist samkvæmt  Aðalnámskrá grunnskóla eins og  teiknun, málun, mótun, myndbyggingu o.fl.<br>Nemendur fá fjölbreytta kennslu í aðferðum, eiginleikum og möguleikum efna.<br>Listasagan fléttuð inní viðfangsefnin með tengingu við stefnur og túlkun listamanna hvers tíma. Farið verður í vettvangsferðir á söfn ef tök eru á og um umhverfi skólans til efnisöflunar og innblásturs.<br>**Aðalnámskrá grunnskóla** :<br>Hæfniviðmið  við lok 7. bekkjar má sjá á vef Menntamálaráðuneytisins.<br>**Hringekja:**<br>List- og verkgreinar kenndar í formi hringekju, með samvinnu milli greina .<br>Skólaárinu skipt upp í 4 lotur. Hver lota nær yfir 9 vikur. 6. bekkur kemur þrisvar í viku 80 mín. í senn.<br>**Námsefni:  vefurinn. www, Ítarefni frá kennara, Kennslubækur í teikningu., Listaverkabækur. Listasöfn, Powerpoint, Ljósrit ofl.** |

| Tímabil | Viðfangsefni | Markmið | Lýsing | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|---|
| **Lota 1.** ágúst-október<br><br>**Lota 2.** október-janúar | **3D- Letur, form Op art** | Vinna með þrívídd og form og opna augu nemenda fyrir fleiri víddum og möguleikum forma. | Nemendur vinna með letur og ýmis form. Unnið út frá miðjupunkti í mynd og myndfleti skipt niður og unnið með neikvæð og jákvæða fleti. | notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun,<br><br>nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun, |
| **Lota 3.** janúar-mars | **Sjónarhorn** | Að nemendur velti fyrir sér og velji sér mismunandi sjónarhorn og myndbyggingu. | Nemandi teiknar mynd þar sem hann notar sjónarhorn með áherslu á forgrunn og bakgrunn | tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu,<br><br>unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk, |
| **Lota 4.** mars-maí | **Fjarvídd-Húsateikning 2ja pt.** | Að nemendur öðlist skilning á fjarlægð í mynd og hæfni til að skapa dýpt. | Unnið með hvarfpunkt í mynd hús og umhverfi skapað út frá því. | byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu, |
| | **Árstíð-Málun** | Að þjálfa nemendur að horfa og upplifa umhverfi sitt, litabrigði árstíða og rýna í form náttúrunnar. | Myndverk unnið með þrykki á svartan flöt og rýnt í form náttúrunnar. Unnið með olíukrit og þekjuliti. | greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka, |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Lota 1.** ágúst-október<br><br>**Lota 2.** október-janúar<br><br>**Lota 3.** janúar-mars<br><br>**Lota 4.** mars-maí | **Leirmótun-Fuglar** | Að nemendur fái tækifæri til að skapa á sem fjölbreyttastan hátt og upplifa ólík efni og aðferðir.<br>Kennd verður kúluaðferðin við mótunina.<br>Samþætting námsgreina. | Nemendur velja sér fugl að eigin vali. | greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu,<br><br>gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar. |
| | **Hönnun föt** | Að nemendur þekki tengsl hönnunar og framleiðslu og tengi hugtakið hönnun við eigin raunveruleika.<br>Samþætting með textílmennt. | Nemendur vinna 2-3 saman í hóp „Stofna“ fyrirtæki ,hanna merki, ákveða nafn og merkja flíkur og vörur tengdar fyrirtækinu.<br>Kynna fyrirtækið og markhóp þess í lok verkefnis. | |
| | **Húsdýr** | Húsdýr unnið með kolum. Rýnt í skyggingar og áferðir. | Kolateikning unnin á maskínupappír | |
| | **Andlitsteiknun** | Andlitsteiknin kennd í réttum hlutföllum | Nemendur teikna sjálfan sig samkv. reglum um hlutföll | |
| | **Edward Munch Expressionismi** | Líf og list Munch. Verk unnið í anda Munch og ,Ópið endurskapað | Nemendur vinna listverk í anda Munch með eigin hugmyndum og útfærslum. | |

| Námsmat |
| --- |
| Símat, kennari metur vinnubrögð nemandans í tíma, frammistöðu, hugmyndaauðgi, samvinnu, frágang, meðferð efna og áhalda o.fl sbr. Hæfniviðmiðum aðalnámskrár.<br>Í lok lotu skilar nemandi verkefnamöppu sem metin er til einkunnar ásamt ofangreindum matsþáttum.<br>Símat þar sem metin er fjölbreytt hæfni nemanda í viðkomandi fagi yfir 9 vikna tímabil. |

| Heimanám |
| --- |
| Nemendur eru hvattir til að vera vakandi fyrir umhverfi sínu og nýta reynslu og upplifun sína í sköpun. |

| Kennari, netfang |
| --- |
| Guðrún Elfa Skírnisdóttir, gunnella@akmennt.is |

| Annað |
| --- |
| Áætlun er birt með fyrirvara um breytingar. Verkefnum getur fækkað eða fjölgað eftir samsetningu hópa og þau kennd í þeirri röð sem þau falla best að árstíðum og öðru skipulagi. |